

Blái herinn

Hvað gerist næst!

Sjávarútvegsráðstefnan 2018, 15.-16. nóvember í Hörpu.

1 tonn á hverjum 1000 metrum



Vinnuframlagið.

- Blái herinn hefur hreinsað úr náttúru landsins 1450 tonn af rusli, aðalega úr fjörum og opnum svæðum. Verkefnin eru vel yfir 250, sjálfbóðaliðar eru nærri 7000 og þeir hafa skilað samfélaginu vinnuframlagi sem er nærri 66000 stundir. Það eru 330 milljónir króna miðað við 5000 kr/klst. Til umhugsunar varðandi framhaldið.

Plasthreinsta landhelgin.

- Strandlengja Íslands er nærri 5000 km. Hana má hreinsa og fyrirbyggja þannig að þar brotni niður plast í smærri einingar(örplast), einnig er það öryggisatriði fyrir sjófarendur að hreinsa hana. Mesta ógn sem stafar af lífkeðju hafsins er sú blákalda staðreynd að höfin eru að fyllast af plasti. Með því að hreinsa hana getum við fyrirbyggt margt en fyrst og fremst getum við sagt að við séum meðvituð um hreinleikann og sent skýr skilaboð til annarra þjóða.

Þjóðarátak Íslands.

- Blái herinn stendur á krossgötum í dag. Við viljum hætta sem sjálfboðaliðar og taka næsta skref, við viljum sjóð sem verður fjármagnaður með framlögum þeirra sem vilja eiga hreinsustu landhelgi í heimi. Bláa hagkerfið á allt undir til að geta veitt ferskasta hráefni í heimi. Það gerist ekki ef við stöndum aðgerðalaus og gerum ekki neitt. Núna er lag og tími til aðgerða á landsvísu. Við viljum fjármagn til verkefnisins sem virkar.

Tökum höndum saman sem þjóð.

- Það kostar 1 milljón að hreinsa hvern km. Hér er komin tilvalin fjáröflun þeirra sveitarfélaga sem vilja taka þátt og sjá til þess að sín strandlengja sé hrein. Hlutverk sjóðsins er hreinlega að kaupa ruslið úr fjörunum. Byrjum á verstu svæðunum. Gefum okkur 3-5 ár og látum verkin tala, skráum verkefnin niður og hvað er hreinsað. Hreinsum Ísland er verðmætasköpun og ímyndarauðgandi verkefni sem allir geta grætt á.


Hreint haf-Hagur Íslands.

- Víða úti heimi er plastmengunin slík að menn standa ráðalausir fyrir vandamálinu, hér er þetta verkefni sem við skulum leysa og ef við gefum okkur samtakamátt og vilja að þá verður þetta verkefni eitt stórt framfaraskref og öðrum þjóðum til eftirbreytni. Blái herinn á sönnunargögn og myndir af rusli sem er frá 12 löndum, frá Marokkó til Grænlands.

Byrjum núna í dag.

- Verkefnið Hreinsum Ísland var tilnefnt til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2018. Það er samstarfsverkefni Bláa hersins og Landverndar. Það var mikill heiður að taka þátt í þessu og heiður að standa á sviðinu í Osló í Operuhúsinu. Verðlaunin fóru til Grænlands sem betur fer en heimurinn þarf að hjálpa þeim til að missa ekki sín lífsviðurværi sem veiðipjóð. Við skulum hjálpa til og vera fyrirmynd annarra þjóða.

Blái herinn er tilbúinn til forystu



Það vilja allir vera með !



Takk fyrir okkur frá 1995-2018

